

**Dómstóll ÍSÍ**  
**Engjavegi 6**  
**104 Reykjavík**

**Sigurbjörn Bárðarson**  
**Kt. 020252-2869**  
**Breiðahvarfi 4**  
**203 Kópavogur**

**11. september 2014.**

**Efni: Kærumál Sigurbjörns Bárðarsonar gegn Landssambandi Hestamannafélaga – Mál nr. 7/2014.**

Dómstóll ÍSÍ hefur móttakið kæru ásamt fylgiskjölum, sem er móttækin á skrifstofa ÍSÍ 9. september 2014.

Í kæru eru dómkröfur þessar:

- Að fyrri opinberlega útgefinn og staðfestur tími verði látinn standa.

Í gögnum málsins kemur fram:

- Kært er vegna tímatöku í 100m skeiði á Landsmóti Hestamanna 2014, sem fram fór á Hellu dagana 30. júní – 6. júlí s.l.

Varðandi kæruheimild er vísað til 24 gr. í lögum ÍSÍ, þar sem segir:

- *24.1 Kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands.*
- *24.2 Dómstóll ÍSÍ getur veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.*
- *24.3 Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.*

Viku kærufrestur er löngu liðinn í máli þessu. Málinu er því vísað frá dómstóli ÍSÍ.

Virðingafyllst,

Halldór Frímansson (sign)  
dómari.